



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 23. maí 2022
MÍ202205-0119/ 6.07 / K.M.

Efni: Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg í Múlaþingi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 20. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Vegagerðin áformar aukna efnistöku, sem svarar 198.400 m³, í fjórum námum í tengslum við framkvæmdir á Axarvegi í Múlaþingi. Tvær af námunum, A-4 norðan við Tjarnarlæk og A-5 norðan við Stóralæk, fóru í mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma en sóst er eftir að auka efnistöku frá því sem sett var fram í matsskýrslu. Tvær námur, norðan og sunnan við Axarárnes voru ekki teknar með í mat á umhverfisáhrifum. Auk námusvæðanna fjórra nær könnun á matsskyldu til tveggja efnisvinnslu- og haugsvæða sem ekki fóru í mat á umhverfisáhrifum. Svæðin er kölluð Öxi 1 og Öxi 2.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.1 í skýrslu Vegagerðarinnar. Eins og þar kemur fram liggur fyrir skýrsla fyrirtækisins Antikvu ehf. frá árinu 2021, *Vegur yfir Öxi. Fornleifaskráning*. Vörður eru innan tveggja námusvæða. Varða [60:58] er innan námu A-5 og varða [60:71] innan námu sunnan við Axarárnes. Vörðurnar munu hverfa við efnistöku á stöðunum. Í skýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að í jaðri námusvæðis námu norðan við Axarárnes er varða [60:72]. Varðan er innan skeringarsvæðis veglagningarinnar og kemur til með að raskast óháð efnistöku.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að vörðurnar þrjár verði fjarlægðar og telur skráningu þeirra fullnægjandi mótvægisáðgerð.


Í skýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin muni leita til Minjastofnunar Íslands varðandi mótvægisáðgerðir vegna rasks á ofangreindum fornleifum auk annarra fornleifa sem koma til með að

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

raskast vegna veglínu, samanber fyrirbyggjandi umhverfismati og uppfærðri fornleifaskráningu.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggji fullnægjandi gögn um fornleifar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindrar framkvæmdar og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson (jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. maí 2022
Málsnúmer: 202204-0023
LA

Efni: Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg í Múlaþingi

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 20. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um það hvort aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg í Múlaþingi beri að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar og telur að aukin efnistaka kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að mikilvægt er að allur frágangur við námasvæði, sem og við nýja vegalögn, sé vandaður þannig að sýnileiki og umhverfisáhrif framkvæmda verði í lágmarki.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2022
UST202204-167/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - framkvæmdir við Axarveg - aukin efnistaka.

Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á ofangreindri framkvæmd sem felst í aukinni efnistöku úr fjórum námum í tengslum við lagningu nýs Axarvegar, alls 198.400 m³.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að öll frekari efnistaka muni fara fram á háheiðinni næst núverandi Axarvegi og mun ekki auka verulega umhverfisáhrif vegna nýs Axarvegar. Að mati Umhverfisstofnunar munu langmestu umhverfisáhrif vegna lagningar nýs vegar verða á fallett landslag og ásjón í Berufjarðarbotni.

Umhverfisstofnun vill ítreka að vanda ætti til verka við hönnun skeringa í Berufjarðarbotni þar sem meiri áhersla verði lögð á mótun landslags til að milda sjónræn áhrif en til þessa hefur útlit skeringa oft verið ákvarðað að mestu í magnforritum og því eru skeringar hver annari lík óháð ásjón nánansta umhverfis.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingar á umræddri framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

5. maí 2022

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Skriðdals- Breiðdalsvegur, umsögn um matskyldufyrirspurn

-Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg-

Með tölvupósti dags. 20. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands á matskyldufyrirspurn frá Vegagerðinni, dagsetta í apríl 2022 vegna aukinnar efnistöku í tengslum við gerð vegar yfir Öxi.

Fram kemur að frá því að umhverfismat fyrir gerð Axarvegur var gert árið 2011, hafi komið í ljós nauðsyn þess að auka efnistöku um 198.400 m³ m.a. vegna breytinga á legu vegarins. Í fyrirspurn Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að viðbótarefnis verði aflað úr fjórum námum, þar af 152.000 m³ úr tveimur námum beggja vegna Axarárness sem ekki var gert ráð fyrir í umhverfismatsskýrslu. Til viðbótar er gert ráð fyrir að auka efnistöku úr námum A-4 og A-5 um 46.000m³. Jafnframt kemur fram að engin af námunum sé á aðalskipulagi sveitarfélagsins en að vinna við skipulagsbreytingu sé í ferli.

Undirritaður hefur f.h. Heilbrigðisnefndar yfirfarið matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Efnistaka er starfsleyfisskyld skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi Heilbrigðisnefndar er ekki talið upp í kafla 6 hvar talin eru upp þau leyfi sem framkvæmdin er háð.
- Að mati HAUST hefði þurft að taka til skoðunar þætti á borð við áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og loftgæði (rykmyndunar) á framkvæmdatíma til viðbótar við þá þætti sem taldir eru upp í kafla 4.

Að framansögðu og að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að framkvæmd sú sem hér er til umsagnar, aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi 4.5.2022

Efni: Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg, Múlaþingi. Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar

Skipulagsstofnun fór þess á leit við Hafrannsóknastofnun, með tölvubréfi dags. 20. apríl 2022, að stofnunin gæfi umsögn um hvort hún teldi að nægjanlega sé gerð grein fyrir neðangreindri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Framkvæmdin sem um ræðir er gerð Axarvegar. Matsskyldufyrirspurnin beindist sérstaklega að sex námu-, efnisvinnslu- og haugsvæðum og tilgreind eru og gert grein fyrir í skýrslu Vegagerðarinnar (Vegagerðin 2022). Um er að ræða námuheitin: A-4, norðan Tjaldlækjar; A-5, norðan Stóralækjar; Norðan við Axarárnes; Sunnan við Axarárnes; Öxi 1 og Öxi 2 (Vegagerðin 2022). Gerð hefur verið grein fyrir mögulegum áhrifum vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn (Benóný Jónsson og Karólína Einarsdóttir 2008) en þar var ekki fjallað um fyrrgreind námusvæði.

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi, umhverfisáhrifum framkvæmda á ferskvatnslífríki og mótvægisáðgerðum. Ekki er talin þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat vegna þeirra þátta sem fyrirspurnin beinist að. Það er mat stofnunarinnar að ekki sé þörf á vöktun vatnalífríkis í tengslum við þá þætti sem fyrirspurnin beinist að.

Í umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar var þess óskað að gerð sé grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun er rannsókn- og ráðgjafarstofnun en kemur ekki að leyfisveitingum. Benda má á að afla þarf leyfis Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61 um lax- og silungsveiði, en þar segir m.a.: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu*“

F.h. Hafrannsóknastofnunar:



Benóný Jónsson

Heimildir

Benóný Jónsson og Karólína Einarsdóttir. (2008). Áhrif vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn á vatnalíf. VMST/08029: 35 bls.

Vegagerðin, VSÓ ráðgjöf. (2022). Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg, Múlþingi. Matsskyldufyrirspurn: 27 bls.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Egilsstöðum, 29. apríl 2022
Málsnr. 202204174

Efni: Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 20. apríl sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Almennt um framkvæmdina

Vegagerðin hefur sent matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna aukinnar efnistöku við framkvæmdir nýs Axarvegar. Um er að ræða tvo efnistökuastaði sem fóru í mat á umhverfisáhrifum, en sóst er eftir að auka efnistöku frá því sem sett var fram í matsskýrslu, tvö ný efnistökusvæði sem ekki fóru í mat á umhverfisáhrifum auk tveggja efnisvinnslu- og haugsvæða sem ekki fóru í mat á umhverfisáhrifum og eru ekki á skipulagi. Svæðin eru eftirfarandi:

- Náma A-4, norðan við Tjaldlæk (22931)
- Náma A-5, norðan við Stóralæk (22932)
- Náman norðan við Axarárnes (22938)
- Náman sunnan við Axarárnes (22936)
- Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 1 (22854)
- Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 2 (22855)

Umrædd svæði eru innan skipulagsmarka fyrrum Fljótsdalshéraðs en námurnar fjórar eru ekki tilgreindar í skipulagsáætlunum svæðisins. Vegagerðin hefur óskað eftir því við sveitarfélagið að þær verði færðar inn Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Fyrirliggjandi kynningarskýrsla gefur gott yfirlit um fyrirhugaða framkvæmd.

Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

Eðli framkvæmdar

Helsti áhrifaþáttur framkvæmdarinnar felst í raski vegna efnistöku. Þeir umhverfispættir sem teknir eru fyrir í matsskyldufyrirspurninni eru fornleifar, landslag og ásýnd, lífríki straumvatn, jarðminjar og vistgerðir.

Staðsetning framkvæmda

Fyrirhugaðar námur, efnisvinnslu- og haugsvæði eru öll staðsett í jaðri núverandi og/eða nýrrar veglínu Axarvegar sem liggur í landi Vatnaskógar og Berufjarðar.

Hugsanleg áhrif framkvæmdar

Það er mat Vegagerðarinnar að fyrirhuguð efnistöku-, efnisvinnslu- og haugsetningarsvæði vegna Axarvegar séu í heild líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á kannaða umhverfispætti. Framkvæmdin raskar ekki svæðum eða jarðmyndunum sem njóta verndar.

Múlaþing

Lyngáasi 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



Efnistaka kemur ekki til með rýra verndargildi jarðminja en gæti breytt lítið til nokkuð verndargildi fornleifa á svæðinu. Áhrif á lífríki vatns eru talin óveruleg. Áhrif á vistgerðir eru staðbundin og breyta lítið einkennum vistgerða á svæðinu en kunna að rýra verndargildi þeirra.

Aukin efnistaka er í heild líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og ásýnd en mjög mikilvægt er að frágangur verði með fullnægjandi hætti svo áhrifin verði ekki meiri og varanleg.

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Í kynningarskýrslu kemur fram að það sé mat Minjastofnunar Íslands að uppmæling þeirra fornleifa sem fundist hafa á svæðinu sé fullnægjandi mótvægisáðgerð við raski þeirra. Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir eða vöktun á öðrum þáttum sem skoðaðir voru.

Niðurstaða

Það er mat Múlþings að nægilega sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í kynningarskýrslu og að framkvæmdin kalli ekki á frekara mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarfélagið telur mjög mikilvægt að varanlegum áhrifum á ásýnd svæðanna verði haldið í lágmarki með þeim áðgerðum sem kveðið er á um í kynningarskýrslu. Þar er meðal annars lögð áhersla á að reynt verði „að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi og lögð rík áhersla á vandaðan frágang í útboðsgögnum.“ Múlþing leggur áherslu á að við frágang námusvæða verði land mótað með þeim hætti að sýnileg áhrif verði hverfandi.

Leyfisveitingar á hendi Múlþings

Múlþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllst,
f.h., Múlþings

Sigurður Jónsson
Skipulagsfulltrúi

Múlþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is